

Ligretto

– þar sem hraðinn skiptir máli!

Spilaleiðbeiningar

Ligretto er hraður spilaleikur og frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

Aldur / Fjöldi leikmanna:

Fyrir 2 til 4 leikmenn. Aldur leikmanna: 8 ára og eldri.

Ligretto kassarnir eru til í 3 mismunandi litum (rauður, blár og grænn). Allt að 8 leikmenn geta spilað saman ef notaðir eru tveir Ligretto kassar í mismunandi litum en að 12 leikmenn ef notaðir eru allir þrír litirnir.

Innihald:

4 stokkar með 40 spilum (þ.e. 160 spil). Hver stokkur er með sínu einkennismerki á framhlið spilsins, en spilin eru númeruð frá 1-10 í fjórum litum: gulum, rauðum, grænum og bláum. Leikreglur.

Markmið leiksins:

Markmiðið er að losna við öll spilin úr Ligretto **bunkanum** þínum á undan andstæðingunum, með því að vera fljótari að spila út samlitum spilum í réttri talnaröð (frá 1 upp í 10) í stafla á miðju borðinu.

Hraði er grundvallaratriði í spilinu. Þú verður að bregðast fljótt við.

Allir leikmenn spila á *sama tíma*. Engin þarf að bíða, svo enginn verður ópolinmóður.

Undirbúningur:


Flokkið Ligretto spilin í stokka eftir einkennismerkinu aftan á spilunum. Hver leikmaður fær sinn stokk með 40 spilum (með sama merkinu). Taktu eftir merkinu á stokkinum því þú spilar með þessum stokk út allt spilið. Stokkið stokkinn.

Hver leikmaður leggur spilin út á eftirfarandi hátt (sjá einnig mynd):

Ligretto bunki: Spilaðu út 10 spilum á grúfu í bunka fyrir framan þig og snúðu síðan bunkanum við þannig að tölurnar snúa upp og efsta talan sést.

Röð: Leggðu út 3 spil til hægri við Ligretto bunkann með tölurnar upp. Ef það eru bara tveir að spila eru fimm spil lögð út í röðina. Ef þrír eru að spila er spilað með fjórum spilum í röðinni.

Stokkur: Haltu afganginum af spilunum sem stokk í hendinni þannig að merkið snýr upp.



Nú getið þið byrjað að spila!

Gangur leiksins:

Ligretto er í raun mjög einfalt spil með nokkrum einföldum reglum. Um leið og leikmenn hafa lært þær geta þeir unnið í því sem skiptir mestu máli... Að vera nógu snöggur!

Einn leikmaður kallar „Ligretto!“ til að hefja umferðina. Hver sem er með töluna 1 leggur hana í miðjuna á borðinu. Allir leikmenn spila út spilum samtímis eins hratt og þeir geta í stafla á miðju borðinu.

Leikmenn byrja þá að spila út spilum úr Ligretto **bunkanum** sínum, **röðinni** sinni eða **stokkinum**. Ef leikmaður hefur ekki töluna 1 í **bunka** eða **röð** (eða önnur lögleg spil til að spila) er hægt að athuga hvort hana sé að finna í **stokkinum**. Þá tekur leikmaður þrjú spil efst úr stokkinum og snýrð þeim við á borðið þannig að efsta spilið sést einungis. Ef ekki er hægt að nota spilið úr stokkinum sem snýr upp verður að halda áfram að snúa við þremur spilum úr stokkinum þar til að talan 1 (eða annað löglegt spil) er í boði. Þegar leikmaður er búinn að spila út öllum spilum úr **stokkinum** sínum þá snýr hann honum við og byrjar aftur að gefa af toppinum, 3 spil í senn.

Um leið og talan 1 kemur upp skal setja hana í miðjuna á borðinu og stafli verður til. Síðan er spilað ofan á hann spilum í rétttri númeraröð og réttum lit þar til staflinn er með 10 spil í sama lit. Þegar búið er að setja 10 spil á stafla má ekki spila fleiri spilum á þann stafla.

Þegar staflar eru komnir á mitt borðið mega ALLIR leikmenn spila út öllum löglegum spilum á hvaða stafla sem er (óháð því hver byrjaði staflann), svo lengi sem það er spil með næstu tölu í röðinni og er af sama lit og spilin í þeim stafla.

Þegar þú spilar spili úr **röðinni** þinni skaltu fylla strax í eyðuna með efsta spilinu úr Ligretto **bunkanum** þínum. Á sama tíma, flettu spilunum úr **stokkinum** þínum, þremur í einum á borðið (þannig að efsta spilið sjáist bara). Þegar upp kemur löglegt spil má láta það í stafla á miðju borðinu.

Ef enginn getur spilið neinu spili út úr **stokk**, **röð** eða Ligretto **bunka** er leikur stöðvaður. Allir stokka stokkinn sinn í flýti, kalla: „Ligretto!“ og halda áfram með umferðina.

Athugið: Í leiknum skal nota eina hendi til að halda stokkinum en hina til að spila út Ligretto spilunum.

Að vinna umferð:

Þegar einhver er ekki með nein spil eftir í Ligretto **bunkanum** sínum kallar hann: „Ligretto stopp!“. Þá má enginn setja fleiri spil í stafla og umferðin endar.

Stigagjöfin:

Um leið og umferð er lokið eru allar **raðir** og **stokkar** settir til hliðar en Ligretto **bunkarnir** verða að vera eftir á borðinu. Öll spilin í stöflunum sem voru komnir á borðið eru síðan flokkuð sína stokka, samkvæmt merkinu á bakhliðinni. Þú færð **eitt stig** fyrir hvert spil sem þú náðir að spila út í umferðinni, óháð tölunni á hverju spili.

Síðan eru dregin frá **2 stig** fyrir hvert spil sem var eftir í Ligretto **bunkanum** þínum. Spilin í röðinni og stokkinum eru ekki talin með

Heildarstiginn fyrir þessa umferð eru skráð niður. Allir stokka spilastokkana sína (40 spil hver) og leggja spilin út eins og þeir gerðu í upphafi. Síðan hefst ný umferð. Sá sem er fyrstur að fá **99 stig** vinnur. Ef að fleiri en einn ná 99 stigum (eða meira) í sömu umferð þá er það sá sem að er með hærri stigatölu sem vinnur.

Ef það gerist að öll lögleg spil eru falin í Ligretto **bunkunum** hjá ÖLLUM leikmönnum þá er leikurinn stöðvaður og umferð líkur. Teljið stigin og sá leikmaður er með flestu stigin vinnur leikinn.

Regla fyrir lengra komna:

Setja má spil í **röðina** úr Ligretto **bunkanum** eða **stokkinum**, en þá einungis í öfugri röð. Til dæmis má setja 8 á 9 eða 4 á 5. Ófugt við spilin í miðjunni, verða auka spil í röð að vera í öðrum lit. Til dæmis má græn 9 fara á gula 10, en bláa 5 má ekki setja á bláa 6.

Athugið: Passaðu að setja ekki of mörg spil í röð því annars átt þú hættu á að geta ekki fyllt í eyður í röðinni með spilum úr Ligretto bunkanum.

Hljómar þetta flókið? Þetta er í raun mjög einfalt spil! Mikilvægast af öllu er að vera FLJÓTARI en hinir leikmennirnir! Hafðu það skemmtilegt með Ligretto. Og megi besti leikmaðurinn vinna!

N.B. Spilið heiðarlega. Bannað að svindla!

Stækkaðu leikinn:

Það er ekkert mál að spila Ligretto með fleiri en 4 félögum. Í hverjum kassa af Ligretto er nóg af spilum til að tveir til fjórir geta spilað. Hinsvegar fyrir algert Ligretto brjálæði er frábært að blanda fleiri kössum saman til að allt að tólf geti spilað í einu! Ligretto er fánlegt í bláum, grænum eða rauðum kössum, en við hvern kassa geta 4 í viðbót spilað.

Góða skemmtun!

Nordic Games, www.nordicgames.is

nóvember 2010